

AÐGENGILEG LEIKSVÆÐI Í REYKJAVÍK

- Hönnunarleiðbeiningar fyrir leiksvæði, útg.1



Almennt

- Leiksvæði skulu vera aðgengileg öllum allsstaðar.
- “Ein leið, ekki sér leið” er hugtak sem skal vera ofarlega í huga hönnuða við hönnun leiksvæða.
- Lögð er áhersla á að fjölbreytta leikmöguleika megi finna innan leiksvæða.
- Hanna skal leiksvæði og velja tæki og búnað með aðgengismál í fyrirrúmi. Huga skal að aldri notenda en þau geta verið á öllum aldri, allt frá ungbörnum til eldri borgara. Leiksvæði eiga að sameina kynslóðir í leik og gleði.
- Lóðir fyrir leiksvæði eru fjölbreytilegar, lagt er til að nýta það við hönnun leiksvæða en gera það aðgengilegt öllum.
- Leiksvæði eiga að vera opin og aðgengileg öllum. Skólalóðir eru aðgengilegar eftir að skólastarfi lýkur.

Gróður

- Gróður skal vera á leiksvæðum og notendur eiga auðveldlega að geta komist í snertingu við hann.

Skipulag svæðisins og læsileiki innan þess

- Stærri leiksvæði bjóði upp á fjölbreyttar upplifanir á mismunandi svæðum, bæði ærslafull og rólegri.

Afmörkun

- Greinilega afmörkuð útmörk leiksvæðis

Aðkoma og inngangar


- Aðkoma skýr og örugg, inngangar augljósir
- Aðgengi þjónustubíla að leiksvæðum.

Lýsing

- Lýsing skal skapa öryggi og gera leiksvæði aðgengilegt allt árið.
- Ljósabúnað skal ekki staðsetja inn á stígum eða dvalarsvæðum heldur utan við þau.

Búnaður

- Dvalarsvæði skulu vera á/við leiksvæði
- Setmöguleiki með baki og armhvílu skal vera á leiksvæðinu og autt svæði við þá fyrir hjólastóla eða barnavagna.
- Ef borð eru á svæðinu skal vera aðgengi fyrir hjólastóla að þeim.



Leiktæki

- Aðgengismál og fjölbreyttir leikmöguleikar skulu ávallt vera í huga þegar leiktæki eru valin á leiksvæði.
- Aðgengi á milli leiktækja skal vera nógu breitt svo notendur geti farið greiðlega á milli þeirra.

Helstu leiðir um svæðið

- Aðgengilegir stígar skal tengja innganga við mismunandi rými á leiksvæði.
- Þar sem þrep eru nauðsynleg skal fylgja ítrustu kröfum byggingarreglugerðar s.s. varðandi handlista og markingar á tröppunefum.
- Þreplausar leiðir skulu líka vera til staðar.

Efnisval og litir

- Yfirborðsefni aðalstíga skal vera fast og slétt s.s. hellur, steypa eða malbik
- Yfirborðsefni við leiktæki skulu skera sig frá leiktækjunum í lit.
- Litir skulu ekki vera of skærir eða truflandi.

Hönnunarlausnir fyrir ólíka notendur

Hreyfihömlun

- Yfirborð sem hentar hjólastólum.
- Skipulögð stór svæði með breiðum gönguleiðum.
- Kantur meðfram skábrautum.
- Þrepafrítt svæði.
- Pláss fyrir hjólastól við setsvæði.
- Leiktæki í borðhæð, eins og t.d. sandkassi og vatnsleikur.
- Auðvelt fyrir barnið að komast sjálft í leiktækin, t.d. handföng.
- Leiktæki sem örvar skilningarvit.

Ofnæmi og astmi

- Gróðurval, hafa í huga ofnæmi um öndunarfæri og á húð.

Sjónskerðing

- Leikvöllur með skýru skipulagi.
- Skýr og greinileg aðkoma að leiksvæði.
- Varnargirðing í kringum rólur.
- Litur leiktækja skeri sig úr náttúrulegu umhverfi.
- Leiðarlínur á milli leiktækja og innan leiksvæðis.
- Ápreifanleg og sjónræn merking við hæðarmun.
- Kort með blindralettri.
- Góða lýsingu á leiksvæði sem veldur ekki glýju.

Heyrnarskerðing:

- Skilti sem upplýsa barnið með texta og myndum.
- Ekki velja leiktæki sem búa til skyndileg glymjandi hljóð.
- Góða lýsingu á leiksvæði til að auðvelda varalestur.

Einhverfa og ADHD (skynsegin)

- Afgirt leiksvæði með skýru skipulagi og yfirsýn.
- Vel merktur inngangur að leiksvæði.
- Skýrar leiðbeiningar við hvert leiktæki.
- Minni leiksvæði sem býður upp á rólegan leið.

Proskaskerðing

- Upplýsingar við leiktæki með myndtáknum í stað texta.
- Leiktæki að stærð sem hentar fullorðnum einstaklingum.
- Leiktæki sem eru auðveld í notkun og örva skilningarvit.
- Girðingar í kringum leiksvæði til að koma í veg fyrir flóttu frá leiksvæði.

Aðkoma og inngangar

- Leiksvæði skal vera merkt frá aðliggjandi stígakerfi.
- Inngangar skulu vera sýnilegir , t.d. skilti eða lýsing.
- Gestir leiksvæða ættu ekki að þurfa fara yfir aksturs-svæði til að komast að leiksvæðunum en tryggja þarf aðgengi þjónustubíla að leiksvæðum.
- Inngangar skulu vera það breiðir að einstaklingar í hjólastól geti mætt öðrum án vandræða.
- Við innganga á að vera góð yfirsýn yfir leiksvæðið. Við hönnun svæðis skal þess gætt að ekki myndist eineltishorn á leiksvæðum.
- Ef bílastæði eru við leiksvæðin skal a.m.k. eitt þeirra vera skilgreint bílastæði hreyfihamlaðra.
- Æskilegt er að á leiksvæðum séu hjólastæði svo fólk geti læst hjólum sínum á meðan á dvöl stendur. Staðsetning þeirra má ekki skapa hættu eða loka á innganga eða stíga þegar þau eru fullnýtt. Athugið fjölbreytni í stærðum og gerðum hjólabúnaðar.

Afmörkun

- Leikskólalóðir skulu vera umkringdar girðingum. Opin leiksvæði má afmarka á aðra vegu.
- Ef afmörkun er unnin með gróðri skal gróðurval vera á þann máta að útmörk séu skýr all árið um kring. Mikilvægt er að viðhaldi gróðurs sé sinnt þannig að ekki skapist hætta af.

Skipulag svæðisins og læsileiki innan þess

- Leggja skal áherslu á að skapa aðgengileg leik- og dvalarsvæði sem nýta þá náttúrulegu kosti sem koma fram við skoðun á landi í upphafi verks.
- Allar helstu útlínur svæðanna og skil í efnisvali skulu vera hönnuð og unnin með læsileika í fyrirrúmi.
- Ef svæði eru það stór að erfitt gæti reynst að hafa góða yfirsýn yfir þau, skulu kort vera við innganga þeirra.
- Stefna skal að því að stærri leiksvæði hafi upp á að bjóða svæði með mismunandi möguleika og stemmningu. Notendur ættu að geta sótt í rólegri, náttúrulegri eða ærslafyllri svæði innan leiksvæðanna ef þeir svo vilja.

Helstu leiðir um svæðið

- Samfelldt kerfi aðgengilegra stíga skal tengja saman innganga, og mismunandi rými innan leiksvæðanna.
- Stígar í þessu samfellda kerfi skulu vera nægilega breiðir svo allir komist leiða sinna. Miða skal við að breidd aðalstíga sé að lágmarki 1,5m að því gefnu að snúningspláss séu við þá með reglulega millibili.
- Ef stígar liggja að eða meðfram svæðum sem gætu verið séð sem slysaþættur, svo sem mikill hæðarmunur eða stoðveggir skal setja upp handrið meðfram stígunum.
- Forðast skal að taka upp hæðarmun með þrepum á aðalleiðum um svæðið. Reyna skal ávallt að hafa þreplaust aðgengi í fyrirrúmi í öllum stígum.
- Ef hæðarmunur er við innganga bygginga sem leysa þarf með skábraut skulu hönnuðir fylgja öllum kröfum byggingarreglugerðar í útfærslu þeirra.
- Ef nauðsynlegt reynist að taka hæðarmun með þrepum skal uppfylla allar þær kröfum sem því fylgir í byggingarreglugerð. Gæta skal ávallt að því að aðrar þreplausar leiðir séu til staðar sem notendur gætu nýtt sér í stað þrepanna.
- Ef þörf er á þrepum á leiksvæði þá skal setja upp handlista við/í þrepin og merkja tröppunef þrepa með áberandi lit sem er í mótsögn við þrepalit.

Lýsing

- Lýsing skal skapa öryggi og gera leiksvæði aðgengilegt óháð árstíðum.
- Ljósabúnaðar skal ekki vera staðsettur inn á stígum eða dvalarsvæðum heldur utan við þau.
- Velja skal ljósabúnað og setja upp á þann máta að hann valdi gestum ekki glígu.
- Ljósstyrkur á leiksvæðum skal vera nógu mikill svo notendur með skerta sjón eða rötunarhæfileika geti greint mismunandi yfirborð og auðvelt sé að greina varalestur
- Ljósastaurar og pollar skulu skera sig frá umhverfi sínu svo staðsetning þeirra sé greinileg sjónsker-tum.

Efnisval og litir

- Við val á efnum og lit á leiksvæði skal gæta hófs, of mikið áreiti í litum og formum geta valdið skynsegin einstaklingum óþægindum.
- Yfirborðsefni stígakerfis skal vera fast og slétt s.s. hellur, steypa eða malbik, þó ekki svo að slétt yfir-borð verði sleipt í bleytu. Malarstígar geta þó verið aðgengilegur öllum ef yfirborð þeirra er vel þjappað og kornastærð valin með sléttleika í huga.
- Yfirborðsefni skulu vera einsleit í áferð og forðast skal mikinn skarpleika í litamun á almennum stígum.
- Notast skal við skörp skil og mikinn litamun á jörðu þar sem vekja á athygli á hættum í umhverfinu, svo sem þar sem stígar mætast, t.d. fallhætta.
- Yfirborðsefni við leiktæki skulu skera sig frá leik-tækjunum í lit svo ekki sé hætta á að leiktæki falli inn í aðliggjandi yfirborð með tilheyrandi árekstrarhættu.
- Forðast skal að nota efni sem vitað er að renna til og geta dreifst yfir á önnur svæði og skapað þannig hættu, t.d. fallvarnarmöl á malbiki. Þannig ætti ekki að nota rúnuð jarðefni eða kurl nema þannig sé búið um að þau dreifist ekki.

Leiktæki

- Aðgengismál skulu ávallt vera í huga þegar leiktæki eru valin á leiksvæði.
- Ef leiktæki sem ekki telst aðgengilegt öllum er valið á leiksvæði skal einnig setja annað leiktæki sem hafa sambærilega leikmöguleika fyrir þann notendahóp sem ekki getur nýtt hitt tækið.
- Ef leiktæki er ekki full aðgengilegt öllum skal að lágmarki vera hægt að taka þátt í leiknum í nálægð við leiktækið.
- Leiktæki skulu valin með fjölbreytta leikmöguleika í huga innan tækis og utan svo þau henti sem flestum.
- Aðgengi á milli leiktækja skal vera nógu breitt svo notendur geti farið greiðlega á milli þeirra án árekstrarhættu.
- Allur galvanhúðaður málmur skal litaður a.m.k. upp að 150cm hæð

Búnaður

- Auk leiktækja á leiksvæði skal vera annar búnaður eins og t.d. bekkur, bekkjarborð, ruslatunna.
- Öll leiksvæði skulu hafa áningasvæði eða bjóða upp á bekki með minnst 150m millibili við aðalstíga.
- Búnaður á áningasvæðum skal valin miðað við áætlaða notkun svæðanna.
- Búnaðurinn skal skera sig úr umhverfi sínu í lit.
- Áningasvæði skulu bjóða upp á setsvæði eða álíka rými ætluð til hvíldar.
- Á öllum dvalarsvæðum skal vera setmöguleiki með baki og armhvílu, bæði fyrir hægri og vinstri hendi.
- Á hverju leiksvæði skyldi hið minnsta vera bekkur og rými við hlið hans fyrir hjólastóla eða barnavagna
- Ef borð eru á leiksvæðum eða áningabekkir skal hið minnsta vera aðgengi fyrir einn hjólastól við hvert borð.

Gróður

- Leiksvæði eiga að innihalda gróður og æskilegt er að notendur komist í snertingu við gróðursvæði án mikillar fyrirhafnar.
- Við val á gróðri og staðsetningu innan svæðis skal sérstaklegt horft á líftíma og vaxtarlag plantna.
- Rekstraraðlilar leiksvæða verða að sinna viðhaldi gróðurs á leiksvæðum. Hönnuður skal skila inn viðhaldsáætlun með hönnun sinni.
- Við plöntuval skal þess gætt að velja ekki eitraðar, eða þyrnóttar plöntur eða plöntur sem eru algengir ofnæmisvaldar. Sjá lista á heimasíðu Umhverfis-stofnunar vefslóð. www.ust.is
- Forðast skal að staðsetja plöntur við stíga sem með tímanum gætu slútað yfir þá og skert aðgengi eða gert þá óaðgengilega með rótum sínum.
- Hanna þarf lýsingu og gróðursvæði saman með það í huga að gróður skyggi ekki á ljósgjafa með tímanum.

Kynnt í Mannréttindaráði Reykjavíkurborgar

10.04.2025

Gefið út af aðgengisfulltrúa Reykjavíkurborgar

24.04.2025